

Fiskiveiðasamþykkt.

115
25. ág.

Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu hefir samkvæmt lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desember 1886 um breytingar á fyrnefndum lögum, sbr. og lög nr. 28, 11. júlí 1911, gert eftirfylgjandi

Samþykkt

um fiskiveiðar á opnum skipum og þiljuðum mótorbátum minni en 15 smálesta á svæðinu innan við línu, er takmarkast af Almenningsröst að sunnan, Tindaröst að utan og þaðan beina línu í Skálanes norðan við Njarðvík.

1. gr.

Á svæði því, sem nefnt er í fyrirsögn samþyktrar þersarar má ekki leggja löð í sjó fyrir 10. ágúst ár hvert.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 50—500 krónum eftir málavöxtum og renna þær hálfar í sveitarsjóð Borgarfjarðarhrepps, en hálfar til uppljóstrarmanns.

3. gr.

Með mál útaf brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

115

25. ág.

4. gr.

Hreppsnefndin í Borgarfjarðarhreppi skal hafa eftirlit með því, að samþykkt þessari sje hlýtt og greiðist kostnaður við eftirlitið úr sveitarsjóði.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 25. ágúst 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson,

116

1 sept.

Samþykkt

um kynbætur hesta í Austur-Húnavatnssýslu.

Sýslunefndin í Austur-Húnavatnssýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 34, 11. des. 1891 og lögum nr. 51, 20. des. 1901 gert eftirfylgjandi

Samþykkt.

1. gr.

Til þess að hafa eftirlit með að reglum þeim, sem settar eru í samþykkt þessari, verði hlýtt, útnefnir sýslumaður einn mann í hverjum hreppi til 3ja ára í senn. Í hvers árs lok skulu eftirlitsmenn þessir gefa sýslumanni skýrslur um störf sín hið liðna ár.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmd samþykktar þessarar greiðist úr sveitarsjóði, sem þó ekki má fara fram yfir 50 auru fyrir hvern búanda á svæði eftirlitsmanns og aldrei má eftirlitsmaður reikna sjer meiri þóknun en sem svarar 2 kr. fyrir hvern heilan dag, sem hann gegnir eftirlitsstörfum utan heimilis síns.